

Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda í landi Þingvalla, Svartagils og Brúsastaða



Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson
Fornleifastofnun Íslands
FS088 - 99071
Reykjavík, 1999



© Fornleifastofnun Íslands 1999
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is
Heimasíða: www.instarch.is

Efni

INNGANGUR	4
SVARTAGIL.....	5
BRÚSASTAÐIR.....	5
Brúsastaðatún	5
Hakið	7
ÞINGVELLIR	8
Leirar	8
Stekkjargjá.....	9
NIÐURLAG.....	10
HEIMILDIR.....	13

Inngangur

Árið 1998 óskaði Þingvallanefnd eftir að Fornleifastofnun Íslands annaðist tilfallandi athuganir á fornleifum í og við þjóðgarðinn sem fyrirsjáanlegar væru vegna þeirra framkvæmda sem nú eru í undirbúningi í sambandi við hátíðahöld árið 2000. Samstarf Þingvallarnefndar og FSÍ hófst haustið 1996 er nefndin leitaði eftir tillögum um rannsóknir og verndun minja á Þingvöllum. Nú þegar liggur fyrir skýrsla¹ með almennu yfirliti um stöðu verndunar og rannsókna á svæðinu og innan skamms verður ráðist í rannsóknir á fornum kirkjuleifum á Þingvöllum í tilefni af því að þúsund ár eru senn liðin frá kristnitöku.

Vegna þjóðhátíðar á Þingvöllum árið 2000 verður ráðist í margvíslegar framkvæmdir í og við þjóðgarðinn. Verður m.a. komið fyrir nýjum bílastæðum og gangstígum á svæðinu. Vegna þessa var óskað eftir að FSÍ kannaði hvort fornleifar leyndust á fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum á Völlum efri og í Stekkjargjá í landi Þingvalla, við Hakið og í Brúsastaðatúni og hjá Hrútagilslæk í landi Svartagils.

Fornleifaskráning þessara jarða liggur ekki fyrir², en réttara hefði verið að ráðast í fornleifaskráningu áður en undirbúningur að skipulagsgerð hófst, enda er skráning fornleifa lögbundin forsenda skipulagsvinnu.

Við undirbúning þessarar athugunar var aflað ritaðra heimilda um minjar og fyrri rannsóknir í landi Þingvalla, Svartagils og Brúsastaða. Á grundvelli þeirra var gerð athugun á vettvangi og er árangur þessara rannsókna birtur hér í skýrslunni.

Höfundar þakka Sigurði Oddssyni fyrir leiðsögn og aðstoð við verkið og Ragnari Jónssyni bónda á Brúsastöðum fyrir margvíslegar upplýsingar og hjálp.

¹ Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson (1998). Um fornleifar á Þingvöllum - frumathugun. Rvík, FSÍ.

² Um stöðu fornleifaskráningar á landinu, sjá: Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson

Svartagil

Fyrirhugað er að nýta melana norðan við núverandi farveg Hrútagilslækjar í landi Svartagils fyrir tímabundin bílastæði vegna hátíðahalda árið 2000. Ekki var gerð heildarkönnun á fornleifum í landi Svartagils, enda mun flestar þeirra að finna í námunda við bæjarstæðið sem er fjarri því svæði sem nýtt verður vegna hátíðahalda á Þingvöllum. Engar ritaðar heimildir hafa fundist sem gefa vísbendingar um að á þessu svæði hafi staðið mannvirki til forna. Leitað var á vettvangi beggja vegna hins gamla farvegar Hrútagilslækjar þar sem bílastæði hafa verið skipulögð. Á þessu svæði er mikill árframburður og grónir melar en þurrar vatnsrásir og bert hraun á milli. Ekki sást minnsti vottur fornleifa á svæðinu og er ólíklegt að það hafi nokkurtíma verið nýtt til annars en beitar. Ekki er heldur vitað til að þjóðleiðir hafi legið um það – leiðir lágu bæði ofan og neðan við.

Brúsastaðir

Samkvæmt fyrirbyggjandi tillögum verða túnin og flatirnar sunnan og vestan Öxarár notuð sem bílastæði og við Hakið verður reist þjónustumiðstöð og aðkoma bætt.

Brúsastaðatún

Ekki eru fyrirbyggjandi heimildir um forn mannvirki á suðvesturbakka Öxarár ofan vegar að frátöldum tveimur stöðum. Var svæðið kannað á vettvangi og komu ekki fleiri minjar í ljós. Hins vegar er vert að fjalla nánar um áðurnefnda minjastaði enda verða þeir báðir í uppnámi vegna nálægðar við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Garðbrot. Annars vegar er um að ræða garðbrot um 500 m vestan við Þingvallaveg, um það bil þar sem brúin er yfir Öxará. Þetta er garðhleðsla úr torfhnausum og austan hennar er skurður. Garðurinn liggur þvert yfir grunnan og gróinn árfarveg en nær alllangt út á flatirnar sitthvoru megin. Hleðslan er bein, 25 m löng og um 0,8 m há. Skurðurinn er lengri eða 50 m og hefur efnið úr honum verið notað til að hlaða garðinn. Ekki er ljóst hvaða hlutverki hún hefur gegnt en gæta verður þess að henni verði ekki spillt við framkvæmdir eða vegna umferðar. Er þessi minjastaður þegar merktur á

(1998). "Fornleifaskráning - Brot úr íslenskri vísindasögu." *Archaeologia Islandica* I: 14-44.

skipulagsuppdrátt af svæðinu.

Vegur. Hins vegar liggur forn, upphlaðinn vegur um 600 m norðvestan við Þingvallaveg. Leifar hans sjást vel norðan og á móts við heimkeyrsluna að Brúsastöðum, um 550 m sunnan við bæjarhúsin. Sé leiðin gengin frá heimreiðinni til norðausturs, þ.e. í átt að því svæði sem notað verður sem bílastæði, má enn sjá veginn nokkuð glögggt á um 250 m leið, en svo hverfur hann þar sem ræktuð hefur verið allstór túnspilda til suðurs. Norðaustan við hana kemur vegurinn aftur í ljós og þar sem landið er skorið af vatnsrásum hafa þær verið brúaðar með hleðslum úr hnausum og grjóti. Slíkar brýr sjást sitthvorumegin við áður nefnt tún og yfir sama farveg og garðbrotið en nokkru ofar. Síðast nefnda brúin er heillegust og er 12 m löng og 6 m breið.



Mynd 1. Norðlingabraut.

Vegur þessi var kallaður Norðlingabraut og er framhald hans til suðurs vestan við Stórhöfða en norðan við nyrstu brúna sést hann ekki lengur. Framhald hans hefur sennilega sveigt til NNA og legið niður Tæpastíg.

Samkvæmt fyrirbyggjandi tillögum mun þessi forni vegur geta spillst vegna framkvæmda og umferðar. Er því mælt með að bílastæðasvæði verði minnkuð og ekki látin ná yfir þennan veg (sjá kort).

Mælt er með því að fornleifafræðingur verði viðstaddur framkvæmdir á þessu svæði og að þessir tveir minjastaðir verði merktir á þann hátt að þeim verði ekki spillt af misgáningi.

Hakið

Fyrirhugað er að reisa þjónustumiðstöð við Hakið, stækka bílastæði og bæta aðkomu. Við vettvangskonun komu í ljós grjóthleðslur á þremur stöðum skammt frá þeim stað þar sem þjónustumiðstöðin mun rísa.

Á hraunhólnum sem er um 30 m austan við núverandi bílastæði er lítil, skeifulaga tóft, hlaðin úr hraungrýti. Í láginni á milli bílastæðisins og hólsins vottar einnig fyrir sokkinni, aflagri hleðslu eða garðlagi sem liggur upp að hólnum neðst. Spottakorn ANA við bílastæðið er svo enn ein hleðsla úr hraungrýti. Þessi hleðsla er gisin og virðist yngri en aðrar minjar á svæðinu. Liggur hún ofan á lágri hólnefni og upp á hrygginn sem rís austan og samsíða Almannagjár. Á milli hóls og hryggs er skarð og þar eru dyr á hleðslunni með steiptum kampsteinum.

Frá hakinu liggur vörðuð leið til Brúsastaða. Vörðurnar eru allar fjarri framkvæmdasvæðum.

Ekki er fullljóst hvort þessi mannvirki séu öll eldri en 100 ára og njóti því friðhelgi samkvæmt þjóðminjalögum. Hugsanlegt er t.d. að tóftin tengist veru breskra hermanna á svæðinu í seinni heimstyrjöldinni er braggagrunnur er spölkorn norðar. Hér er mælt með að minjarnar verði látnar njóta vafans og að þess verði gætt að raska þeim ekki. Þær eru utan við fyrirhugaða byggingarlóð og vegastæði, en engu að síður svo nálægt þeim að gæta ber fyllstu varúðar, t.a.m. vegna umferðar vinnuvéla.



Mynd 2. Hleðslur og tóft við Hakið.

Frá hakinu liggur vörðuð leið til Brúsastaða. Vörðurnar eru allar fjarri framkvæmdasvæðum.

Ekki er fullljóst hvort þessi mannvirki séu öll eldri en 100 ára og njóti því friðhelgi samkvæmt þjóðminjalögum. Hugsanlegt er t.d. að tóftin tengist veru breskra hermanna á svæðinu í seinni heimstyrjöldinni er braggagrunnur er spölkorn norðar. Hér er mælt með að minjarnar verði látnar njóta vafans og að þess verði gætt að raska þeim ekki. Þær eru utan við fyrirhugaða byggingarlóð og vegastæði, en engu að síður svo nálægt þeim að gæta ber fyllstu varúðar, t.a.m. vegna umferðar vinnuvéla.

Þingvellir

Leirar

Fyrirhugað er að nýta grasi gróinn skika á Leirum, vestan við veginn að Þingvallabæ, undir bílastæði. Þetta svæði var skoðað á vettvangi og þar eru ummerki um forn mannvirki. Eftir endilangri grasflötinni liggja tvær djúpar rásir sem eru leifar hinnar fornu leiðar á Þingvöllum. Komið hafa fram hugmyndir um að fylla rásirnar með möl til að fullnýta svæðið.

Æskilegast er að ekki verði hreyft við þessum minjum. Við undirbúning að Alþingishátíð 1930 var stórum hluta þessarar leiðar, þar sem hún liggur um Vellina, spilt af vangá og án leyfis þjóðminjavarðar.



Mynd 3. Fornar reiðleiðir á Leirumum.

Ef talið er nauðsynlegt að nýta þetta svæði sem best, má leggja til að slóðirnar verði fylltar með mól, gegn eftirfarandi skilyrðum:

- 1) Að fornleifafræðingur fylgist með framkvæmdinni.
- 2) Að mölin verði fjarlægð á ný, undir eftirliti fornleifafræðings.
- 3) Að leyfi til að fylla slóðirnar og aka þar um sé háð því skilyrði að framkvæmdaaðili taki jafnframt að sér að kosta hreinsun á þeim leifum slóðans sem fylltur var 1930.

Stekkjargjá

Eftir Stekkjargjá hefur löngum verið gönguleið fyrir ferðamenn. Fyrirhugað er að leggja þar breiðan göngustíg vegna væntanlegra þjóðhátíðargesta. Þar eru nokkrar fornleifar sem njóta friðhelgi samkvæmt þjóðminjalögum:

- Syðst (suðvestast) í Stekkjargjá, skammt norðan Öxarárfoss er lítil sporöskjulaga og sokkin tóft á miðri flötinni í gjánni. Hún er full af grjóti en fast suðvestan við hana er

önnur á móta stór gryfja en ekkert grjót er að sjá í henni. Ekki er vitað frá hvaða tíma þessi mannvirki eru.



Mynd 4. Stekkur og vegghleðsla í Stekkjargjá.

- Í gjánni á móts við Furulund er stekkjartóft og hleðsla þvert yfir gjána og er mikilvægt að verja þessar minjar fyrir hnjaski.
- Nyrst (norðaustast) í gjánni er flóraður stígur sem liggur upp á brún gjárinnar vestanmegin. Ekki má hrófla við þessari leið (sjá mynd á kápu).


Fyrir utan sýnilegar fornleifar eru víða í gjánni ójöfnur sem gætu verið mannvistarleifar en úr því verður ekki skorið nema með rannsókn.

Verði ráðist í framkvæmdir í Stekkjargjá er mælt með að þær verði unnar að viðstöddum fornleifafræðingi og allra leiða verði leitað til að tryggja að malarburður, smíðar, akstur vinnuvéla og önnur umferð spilli ekki fornleifum í gjánni.

Niðurlag

Við athuganir á fornleifum á völdum svæðum í landi Þingvalla, Svartagils og Brúsastaða hafa forn mannvirki komið í ljós á átta stöðum. Í þessari skýrslu hafa verið lagðar fram tillögur um hvernig háttu skuli framkvæmdum með hliðsjón af verndun þessara minja. Hér í skýrslulok skal minnt á að fleiri minjar geta leynst á

framkvæmdasvæðum sem ekki hafa komið í ljós við heimildarannsóknir eða vettvangsathugun. Er því eindregið mælt með að allar breytingar á skipulagi á þessum svæðum sem og framkvæmdir verði unnar með það í huga. Þar sem Þingvallaminjar hafa mikla sérstöðu er mikilvægt að kalla til fornleifafræðing til eftirlits með framkvæmdum og komi fornleifar í ljós við jarðrask ber að stöðva framkvæmdir og tilkynna þjóðminjavörslunni sem ákveður hvort heimilt sé að halda áfram framkvæmdum og þá með hvaða skilmálum.



Kort 1. Brotalínan sýnir legu Norðlingabrautar í landi Brúsastaða.



Leirar. Örvarnar benda á fornar leiðreiðir á Þingvöllum.

Heimildir

Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson (1998). “Fornleifaskráning - Brot úr íslenskri vísindasögu.” *Archaeologia Islandica* I: 14-44.

- sömu (1998). Um fornleifar á Þingvöllum - frumathugun. Reykjavík, FSÍ.

Án höf. (1999) Þingvallahreppur. Aðkoma að Þjóðgarði í landi Brúsastaða og Svartagils. Deiliskipulag – tillaga. Landslag ehf. Reykjavík.

Björn Th. Björnsson (1993). Þingvellir. Reykjavík.

Brynjúlfur Jónsson (1895). “Viðaukar.” Árbók Hins íslenska fornleifafélags: 19-21.

Kálund, P. E. K. (1984). Íslenskir sögustaðir I. Reykjavík.

Matthías Þórðarson (1945). Þingvöllur. Alþingisstaðurinn forni. Reykjavík.

Rögvaldur Þorláksson: *Greinargerð um Öxará*, október 1985 (ópr.).

Sigurður Vigfússon (1881). “Rannsókn á hinum forna alþingisstað Íslendinga, og fleira, sem þar að lýtr.” Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1880-81: 8-52.